



## Inngangur



Endurskoðun skólanámskrárinnar er eitt viðfangsefni sjálfsmats Tjarnarskóla skólaárið 2019 – 2020. Síðasta heildarútgáfa skólanámskrár kom út árið 2014 en samkvæmt svo nefndum „fimm ára sjálfsmatsramma“ er gert ráð fyrir heildarendurskoðun hennar á að minnsta kosti fimm ára fresti. Sumir þættir hennar eru uppfærðir reglulega

Í skólanum eru að jafnaði á milli fimmtíu og sextíu nemendur í 8., 9. og 10. bekk. Tíu kennarar starfa við skólann, þar af sjö í fullu starfi að skólastjóra meðtöldum. Aðrir fastir starfsmenn eru; ritari, námsráðgjafi, íþróttakennari og ræstitæknir. Auk þeirra eru nokkrir kennarar í lágu starfshlutfalli (2 – 5 stundir á viku). Ritarinn vinnur með kennarahópnum og er hægri hönd skólastjóra og tekur þátt í þróunarvinnunni. Þessi hópur vinnur þétt saman og leggur línur og ákveður í sameiningu áherslur í skólastarfinu. Í skólaráði eru málefni skólans rædd, hugmyndavinna á sér stað og þar er vettvangur fyrir skoðanaskipti og að koma með tillögur. Foreldrar eru einnig mikilvægir samstarfsmenn og hafa möguleika á að leggja skólastarfinu lið með fjölbreyttum hætti. Sú vinna er mikilvæg.

Í Aðalnámskrá grunnskóla frá 2011 er fjallað sérstaklega um skólanámskrá:

„Sérhver skóli semur skólanámskrá. Í skólanámskrá gerir skóli grein fyrir því hvernig hann nýtir það svigrúm til ákvarðana og athafna sem lög, reglugerðir, aðalnámskrá og skólastefna viðkomandi sveitarfélaga veita. Skólar sem eru einkareknir og tilheyra ekki tilteknu sveitarfélagi þurfa ekki að lúta ákvæðum skólastefnu sveitarfélaga. Skólanámskrá er nánari útfærsla á ákvæðum aðalnámskrár og í henni gefst kostur á að laga opinber fyrirmæli að sérstöðu hvers skóla og staðbundnum aðstæðum og gera grein fyrir hvernig þær aðstæður eru nýttar til að efla nám og kennslu. Í skólanámskrá er gerð grein fyrir þeim gildum sem starf skólans byggist á. Þar eru útfærð þau almennu viðmið sem sett eru í aðalnámskrá.“ (Aðalnámskrá grunnskóla – almennur hluti 2011 – greinasvið 2013, bls. 65-66.)

Í skólanámskrá er gerð grein fyrir þeim gildum sem starf skólans byggist á. Þar eru útfærð þau almennu viðmið sem sett eru í aðalnámskrá.

Í skólanámskrá skal m.a. birta upplýsingar um:

- starfsemi skólans frá stofnun hans og helstu atriði í þróun skólans frá upphafi,
- stefnu skólans; gildi, uppeldis- og kennslufræðilega stefnu og kennsluhætti,
- útfærslu skólans á grunnþáttum í menntun og áhersluþáttum grunnskólalaga,
- markmið náms í ljósi ákvæða aðalnámskrár,
- námsmat skólans og vitnisburðarkerfi,
- innra mat á árangri og gæðum,
- áætlanir um umbætur og þróunarstarf,
- samstarf heimila og skóla, upplýsingamiðlun,
- samstarf við leikskóla og framhaldsskóla, móttöku- og tilfærsluáætlun,
- tengsl skóla við nærsamfélagið og hvernig nýta má það til náms og þroska,
- áætlanir um:
  - móttöku nýrra nemenda,
  - áfengis- og fíknivarnir,
  - aðgerðir gegn einelti og öðru ofbeldi,
  - öryggis- og slysavarnir,
  - jafnrétti og mannréttindi,
  - viðbrögð við áföllum,
  - agamál.

Í endurskoðaðri Skólanámskrá Tjarnarskóla (2020) er gerð grein fyrir ofangeindum þáttum.

